

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda - Innleiðing matsáætlana - Gæði og árangur

Hólmfríður Sigurðardóttir Skipulagsstofnun og Óli Halldórsson Þekkingarsetri Þingeyinga

Skipulagsstofnun ásamt Þekkingarsetri Þingeyinga í samvinnu við Vegagerðina unnu árið 2005 og 2006 að verkefninu „*Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Innleiðing matsáætlana, gæði og árangur*“. Verkefnið hlaut styrk af tilraunafé Vegagerðarinnar vorið 2005. Þessi rannsókn hefur öðru fremur snúið að því að kanna hvaða áhrif innleiðing matsáætlana í lög um mat á umhverfisáhrifum árið 2000 hafði á málsmeðferð, skilvirkni, gæði og kostnað matsferlisins og hvernig til hefur tekist.

Rannsóknin leiddi m.a. í ljós að kostnaður vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur farið vaxandi frá árinu 1994 til 2005. Þennan aukna kostnað er að hluta til unnt að skýra með tilkomu matsáætlana árið 2000. Hins vegar ber að hafa í huga að á sama tíma jókst umfang matsskyldra framkvæmda og margar þeirra framkvæmda sem hafa verið metnar á tímabilinu 2000-2005 hafa verið umdeildari en framkvæmdir fyrir þann tíma. Í ljós kom að í meirihluta matsskyldra framkvæmda hefur verið talin þörf á að ráðast í nýjar rannsóknir eða úttektir til að unnt sé að segja fyrir um áhrif framkvæmdanna á umhverfið. Hins vegar var algengt að vinna við þessar nýju rannsóknir væri þegar hafin eða þeim lokið þegar matsáætlun var lögð fram til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun. Tilhneiging var til þess að lýsing á framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir væri fyrirferðamikil í matsáætlunum á kostnað annarra efnisþátta, s.s. umfjöllun um aðra framkvæmdakosti, hvernig tekið var á athugasemdum og hvernig staðið yrði að samráði við matsvinnu. Þá leiddi rannsóknin jafnframt til þeirrar niðurstöðu að kynning á matsáætlun og samráð við leyfisveitendur, almenning og aðra umsagnaraðila þyrfti að hefjast fyrr á undirbúningsstigi framkvæmdar.

Svo virðist sem matsáætlanir séu ekki nýttar sem skyldi til þess að skilgreina rannsóknarþörf, draga fram þau atriði sem skipta máli og vinsa úr þau atriði sem ekki skipta máli við mat á umhverfisáhrifum nægilega snemma í matsferlinu. Skýrsluhöfundar telja að verði ráðin bót á þessu atriðum sé líklegt að það verði til þess fallið að draga úr kostnaði við matsvinnu síðar í matsferlinu.

Niðurstöður verkefnisins eru birtar í skýrslu sem ber heitið „*Mat á umhverfisáhrifum - Innleiðing matsáætlana - Gæði og árangur*“ og er unnt að nálgast á heimasíðu Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is), Þekkingarseturs Þingeyinga (www.hac.is) og Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is).